

Athugasemdir

vegna 3ja áfanga rammaáætlunar

Reykjaneskagi

Ellert Grétarsson

Kt. 100165-3419.

elg@elg.is

Í Krýsuvík er mikil náttúrufegurð sem dregur að sér fjölda fólks til útivistar og náttúruskoðunar. Krýsuvík er innan Reykjanesfólkvangs, sem stofnaður var formlega með friðlýsingu árið 1974. Vinsælasti áningarstaðurinn í Krýsuvík er hverasvæðið í Seltúni en á undanförunum árum hefur umferð ferðamanna þangað aukist gríðarlega. Hætt er við að svæðið missi aðdráttarafl sitt verði það virkjað eins og hugmyndir eru um.

Í drögum að lokaskýrslu fyrir 3ja áfanga rammaáætlunar segir:

„Forsendur flokkunar virkjunarkosta í orkunýtingarflokk er að verðmætaeinkunnir viðkomandi landsvæða gefi ekki tilefni til friðunar gagnvart orkuvinnslu og að faghópar hafi gefið viðkomandi virkjunarkostum tiltölulega lágar áhrifaeinkunnir.“


Ekki verður annað lesið út úr drögnum rammaáætlunar en að náttúra Reykjaneskagans sé einskis virði nema undir orkuvinnslu. Hún sé einskis virði til útivistar og náttúruskoðunar og einskis virði fyrir ferðaþjónustuna. Undirritaður hefur eytt 10 árum í ljósmynda náttúruperlur Reykjaneskagans, þekkir því svæðið vel og veit hvaða náttúruupplifanir það hefur upp á að bjóða. Hvers vegna verkefnastjórn rammaáætlunar kys að setja Krýsuvíkursvæðið í orkunýtingarflokk er undirrituðum því hulin ráðgáta. Í besta falli hlýtur það að vera vegna þekkingarleysis á svæðinu og náttúru þess.

Athygli skal vakin á því að þrjú svæði af fjórum innan Reykjanesfólkvangs hafa hér með verið sett í orkunýtingarflokk!

Fólkvangurinn verður því líklega að einu samfelldu virkjanasvæði. Nú tala menn reyndar ekki lengur um virkjanasvæði heldur „auðlindagarða“ til að þessi sturlun hljómi betur í eyrum almennings.

Sé litið á meðfylgjandi yfirlitskort má sjá að af 19 jarðhitasvæðum Reykjaneskagans hafa eingöngu þrjú verið sett í verndarflokk (grænu punktarnir) og þrjú önnur í biðflokk (gulu punktarnir). Öll hin eru annað hvort þegar virkjuð eða hafa verið sett í orkunýtingarflokk rammaáætlunar. Þetta gæti þýtt að í framtíðinni muni nær samfelld virkjanaröð liggja eftir endilöngum skaganum frá Reykjanestá að Þingvallavatni.

Flokkun jarðhitasvæða á Reykjaneskaga virðist vera nokkurn veginn eftir óskalista orkufyrirtækjanna, sem er miður.



Af þessu má ráða að Reykjaneskaginn er greinilega ennþá sama ruslatunnan og hann var í 2. áfanga rammaáætlunar. Ekki verður séð að hlustað hafi verið á sjónarmið annarra en orkufyrirtækjanna í öllu því ferli. Þetta viðhorf til Reykjaneskagans er óskiljanlegt. Ef við berum hann saman við þjóðgarðinn á Snæfellsnesi er hægt að finna allt á Reykjaneskaganum sem finna má í þjóðgarðinum – nema jökul.

Ég gæti skrifað heilmikið um náttúru Krýsuvíkur- og Trölladyngjusvæðisins og hef gert það á öðrum vettvangi. Sé samt ekki ástæðu til að endurtaka þau skrif hér því líklega skipta þau engu máli. Það er ljóst hvað verkefnastjórn rammaáætlunar, orkufyrirtækin og stjórnsvæðisins ætlar sér með Reykjaneskagann. Af fenginni reynslu veit ég að þessi umsögn eða aðrar frá almenningi munu líklega ekki hafa neitt vægi. Bendi í þessu sambandi á þessar greinar og myndir á heimasíðu minni ef áhugi er fyrir hendi að skoða málið í víðara samhengi.

<http://elg.is/?cat=89>

Innan marka Reykjanesfólksvangs er að finna mörg áhugaverð náttúrufrýrbærir: Hverasvæðin með allri sinni litadýrð, víðerni og hálendislandslag, eitt fallegasta fuglabjarg landsins og allar gerðir af gosminjum svo fátt eitt sé nefnt. Möguleikarnir til útvistar og náttúruskoðunar í fólkvanginum eru óteljandi enda nýtur hann mikilla vinsælda í þeim efnum í nálægð við stærsta þéttbýlissvæði landsins. Gildi svæðisins sem fólksvangs og útvistar svæðis verður harla lítið verði því breytt í orkuvinnslusvæði. Það segir sig sjálft.

Elli Pjetarsson

Reykjanesbæ, 29.07.2016



Horft yfir Krýsuvík. Rauði liturinn afmarkar fyrirhugaðan borteig samkvæmt deiliskipulagstillögu HS Orku um orkuvinnslu í Seltúni. Rauði hringurinn sýnir Austurengjahver, sem er nýjasta viðbótin í orkunýtingarflokki rammaáætlunar á Reykjanesskaga. Vel má gera sér í hugarlund þá eyðileggingu sem hér mun blasa við verði af orkuvinnslu á svæðinu. Að neðan má sjá göngufólk í stórbrotn landslagi Sveifluhálsins en fólkvangurinn og Krýsuvíkursvæðið býður upp á mikla möguleika til gönguferða og náttúruupplifunar.

